

Almenn skoðun var gerð í brennslustöðinni og gengið var um gáma- og móttökusvæði.

ATHUGASEMDIR

Enn er engin formleg fráveita á svæðinu en vatn af plönnum og svæði sorpeyðingarstöðvarinnar rennur í tjörn rétt utan við lóðamörk. Mikilvægt er að fráveitumál komist í betra horf.

Skv. niðurstöðum símælinga fyrstu 9 mánuði ársins hefur gildi HCL farið 13 sinnum yfir dagleg meðalgildi, gildi SO₂ hefur 8 sinnum farið yfir dagleg meðalgildi og CO tvisvar sinnum. Bendir þetta til að árangur hafi náðst en mun oftar var farið yfir þessi gildi á árinu 2013. Mikilvægt er að áfram verði fylgst vel með daglegum meðalgildum og reynt að halda yfirskotum sem þessum í lágmarki. Þá minnir stofnunin á möguleika þess að skoða mæliaðferðir sem tilgreindar eru í 3. lið í III. viðauka við reglugerð um brennslu úrgangs en þar segir að gildi fyrir 95% öryggisbil einstakra mæliniðurstaðna skuli ekki fara yfir ákveðna hundradshluta viðmiðunarmarka fyrir losun.


Eitthvað var um rangar eða villandi merkingar á gámasvæði, s.s. þar sem tekið var við raftækjum og spilliefnum. Minnt er á mikilvægi þess að merkingar séu skýrar til að tryggja rétta flokkun og meðhöndlun úrgangs.

ANNAÐ

Ganga þarf frá framtíðaráætlunum varðandi meðhöndlun flugösku frá stöðinni.

Búið er að kurla allan timburúrgang sem safnað hafði verið upp á suðvestursvæði við síðasta eftirlit og honum komið til meðhöndlunar. Lítið var af timburúrgangi á svæðinu.

Reykjavík, 29.12.2014



Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.